4. gr.
*Breytingar á fjárhæð heimæðagjalds.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í febrúar 1998 og endurreiknast miðað við breytingar á byggingarvísitölu á 6 mánaða fresti (í janúar og júlí).

5. gr.
*Gildistaka gjaldskrár.*

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarráði Garðabæjar samkvæmt 11. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og 16. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, sbr. reglugerð nr. 614/1996, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Garðabæ, 13. júlí 1999.*

**Guðjón Erling Friðriksson** bæjarritari.

26. ágúst 1999 Nr. 588

# GJALDSKRÁ

## fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurlandi.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði heilbrigðisnefndar Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaganna heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skulu aðildarsveitarfélögin innheimta gjald sem hér segir, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni skv. eftirlitsáætlun:

| | kr. | | kr. |
|---|---|---|---|
| 1. flokkur | 5.000 | 11. flokkur | 80.000 |
| 2. flokkur | 10.000 | 12. flokkur | 90.000 |
| 3. flokkur | 15.000 | 13. flokkur | 100.000 |
| 4. flokkur | 20.000 | 14. flokkur | 110.000 |
| 5. flokkur | 25.000 | 15. flokkur | 120.000 |
| 6. flokkur | 30.000 | 16. flokkur | 140.000 |
| 7. flokkur | 40.000 | 17. flokkur | 150.000 |
| 8. flokkur | 50.000 | 18. flokkur | 160.000 |
| 9. flokkur | 60.000 | 19. flokkur | 180.000 |
| 10. flokkur | 70.000 | 20. flokkur | 200.000 |

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 3.900.

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur viðurkenndan samning við faggilta skoðunarstofu eða vottað gæðakerfi eða viðurkennt innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Endurnýjun starfsleyfis: | |
| Starfsleyfisgjald | kr. 5.500 |
| og auglýsingakostnaður ef við á. | |
| Ný starfsemi: | |
| Starfsleyfisgjald | kr. 9.000 |
| og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | |
| Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun: | |
| Starfsleyfisgjald | kr. 9.000 |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða kr. 5.500.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaga annast innheimtu eftirlitsgjalda og innheimta jafnframt önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni er heimilt að innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, í þeim flokki sem hærri er og hálft gjald fyrir aðra þætti.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 586/1994 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

*26. ágúst 1999.*

**Þorvarður Hjaltason**
framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

VIÐAUKI A

| Heiti atvinnugreinar | Flokkur |
|---|---|
| Svínarækt < 2000 | 4. fl. |
| Svínarækt > 2000 | 8. fl. |
| Alifuglarækt < 40.000 stæði | 4. fl. |
| Alifuglarækt > 40.000 stæði | 8. fl. |
| Loðdýrabú | 4. fl. |
| Hundahótel | 2. fl. |
| Kattahótel | 2. fl. |
| Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn | 6. fl. |
| Malar- og sandnám; vikurnám | 2. fl. |
| Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 1. fl. |
| Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar | 1. fl. |
| Saltvinnsla | 5. fl. |
| Sláturhús < 50t/dag | 7. fl. |
| Sláturhús > 50t/dag | 10. fl. |
| Kjötvinnsla, alifuglakjöts | 7. fl. |
| Kjötvinnsla, lítil | 6. fl. |
| Kjötvinnsla, miðlungs | 11. fl. |
| Kjötvinnsla, stór | 17. fl. |
| Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 7. fl. |
| Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs | 13. fl. |
| Kjötvinnsla með reykingu, stór | 18. fl. |
| Kjötpökkunarstöð | 11. fl. |
| Saltfiskverkun | 5. fl. |
| Heitloftsþurrkun fiskafurða | 4. fl. |
| Harðfiskverkun | 4. fl. |
| Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 5. fl. |
| Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 6. fl. |
| Vinnsla á ferskum fiski, stór | 7. fl. |
| Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 12. fl. |
| Fiskmjölsvinnsla | 15. fl. |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil | 5. fl. |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs | 7. fl. |
| Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór | 12. fl. |
| Önnur ótalin fiskvinnsla | 5. fl. |
| Grænmetisvinnsla og pökkun, lítil | 1. fl. |
| Grænmetisvinnsla og pökkun, miðlungs | 3. fl. |
| Kartöfluvinnsla - pökkun | 3. fl. |
| Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag | 6. fl. |
| Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag | 9. fl. |
| Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju | 6. fl. |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 6. fl. |
| Salatgerð | 6. fl. |
| Lauksteikingarverksmiðjur | 5. fl. |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 6. fl. |
| Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag | 9. fl. |
| Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti | 5. fl. |
| Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 5. fl. |
| Mörbræðsla og tólgarframleiðsla | 4. fl. |
| Kaldhreinsun lýsis | 4. fl. |
| Smjörlíkisgerð | 6. fl. |
| Mjólkurbú og ostagerð | 19. fl. |
| Mjólkurbú | 14. fl. |
| Ostagerð | 12. fl. |
| Ísgerð | 11. fl. |
| Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag | 2. fl. |

| Heiti atvinnugreinar | Flokkur |
|---|---|
| Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 6. fl. |
| Framleiðsla húsdýrafóðurs | 6. fl. |
| Framleiðsla fiskeldisfóðurs | 1. fl. |
| Brauðverksmiðjur | 17. fl. |
| Bakarí, lítið | 4. fl. |
| Bakarí, miðlungs | 7. fl. |
| Bakarí, stórt | 12. fl. |
| Kexverksmiðjur | 11. fl. |
| Kökugerð, lítil | 4. fl. |
| Kökugerð, miðlungs | 6. fl. |
| Kökugerð, stór | 7. fl. |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð | 8. fl. |
| Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 4. fl. |
| Te- og kaffiframleiðsla | 4. fl. |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 2. fl. |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs | 6. fl. |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór | 7. fl. |
| Framleiðsla mjólkurdufts | 8. fl. |
| Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 7. fl. |
| Bjórgerð | 8. fl. |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítið | 7. fl. |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs | 8. fl. |
| Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór | 15. fl. |
| Trésmíðaverkstæði með lökkun | 2. fl. |
| Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 2. fl. |
| Ullarþvottastöðvar | 9. fl. |
| Vefnaðar- og spunaverksmiðjur | 1. fl. |
| Litun og bleiking < 10 tonn á dag | 10. fl. |
| Leðurvinnsla | 2. fl. |
| Framleiðsla á krossviði, spónaplötum, límtré o.þ.h. | 8. fl. |
| Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa | 1. fl. |
| Prentun dagblaða | 8. fl. |
| Offset- og hæðarprentun | 5. fl. |
| Sáldprentun | 5. fl. |
| Prentiðnaður, lítill | 3. fl. |
| Prentiðnaður, miðlungs | 3. fl. |
| Prentiðnaður, stór | 7. fl. |
| Prentiðnaður með framköllun | 3. fl. |
| Prentsmíð | 3. fl. |
| Framleiðsla á iðnaðargasi | 2. fl. |
| Garðaúðun | 3. fl. |
| Málningarverksmiðjur | 10. fl. |
| Lyfjagerð | 2. fl. |
| Hreinlætisvöruverksmiðjur | 4. fl. |
| Snyrtivöruframleiðsla | 2. fl. |
| Gúmmívinnsla | 2. fl. |

| Heiti atvinnugreinar | Flokkur |
|---|---|
| Framl. á plötum og rörum úr plasti | 4. fl. |
| Plastiðnaður | 6. fl. |
| Framleiðsla á umbúðaplasti | 4. fl. |
| Framleiðsla á glerplötum | 1. fl. |
| Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 2. fl. |
| Framleiðsla glerláta | 1. fl. |
| Leirmunaverkstæði afkastageta < 75t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 $m^3$ | 4. fl. |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 3. fl. |
| Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 5. fl. |
| Steinsmíði | 1. fl. |
| Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 3. fl. |
| Málmsteypa < 20 tonn á dag | 13. fl. |
| Meðferð og húðun málma | 3. fl. |
| Blikksmíði | 2. fl. |
| Völsunar-, víra-, nagla- og stanga-verksmiðjur | 2. fl. |
| Skrúfuframleiðsla, renniverkstæði | 2. fl. |
| Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 4. fl. |
| Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði | 3. fl. |
| Rafvélaverkstæði | 2. fl. |
| Stálsmíði og stálskipagerð | 6. fl. |
| Viðhald, niðurrif skipa og flotkvíar | 6. fl. |
| Húsgagnaiðnaður með lökkun | 1. fl. |
| Endurvinnsla úrgangs | 3. fl. |
| Spennistöðvar, litlar | 2. fl. |
| Spennistöðvar, aðal | 3. fl. |
| Spennaviðgerðir | 5. fl. |
| Vatnsveitur 5.000-10.000 íbúa | 9. fl. |
| Vatnsveitur < 1.000 íbúa | 9. fl. |
| Vatnsveitur, einka | 3. fl. |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkja-verkstæði lítið | 2. fl. |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 2. fl. |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 3. fl. |
| Ryðvarnarverkstæði | 5. fl. |
| Smurstöðvar | 3. fl. |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið | 2. fl. |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 3. fl. |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt | 4. fl. |
| Bifreiðasprautun | 1. fl. |
| Bifreiðaréttingar | 2. fl. |
| Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk | 2. fl. |
| Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru | 3. fl. |
| Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efna-vöru | 4. fl. |
| Bílapartasölur | 4. fl. |

| Heiti atvinnugreinar | Flokkur |
|---|---|
| Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 4. fl. |
| Bensínstöðvar án matvöru | 5. fl. |
| Bensínstöðvar með matvöru | 7. fl. |
| Bensínstöðvar með veitingasölu | 9. fl. |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil | 4. fl. |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs | 5. fl. |
| Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór | 7. fl. |
| Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti | 6. fl. |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil | 4. fl. |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs | 5. fl. |
| Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór | 7. fl. |
| Heildverslun með hreingerningarefni | 9. fl. |
| Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru | 9. fl. |
| Heildverslun með snyrtivöru | 9. fl. |
| Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni | 3. fl. |
| Niðurrif bifreiða | 2. fl. |
| Móttaka brotamálms | 15. fl. |
| Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 2. fl. |
| Stórmarkaðir > 400 $m^2$, með matvælavinnslu | 20. fl. |
| Stórmarkaðir > 400 $m^2$, án matvælavinnslu | 11. fl. |
| Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 5. fl. |
| Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 6. fl. |
| Matvöruverslun með vinnslu, stór | 12. fl. |
| Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 4. fl. |
| Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 4. fl. |
| Matvöruverslun án vinnslu, stór | 9. fl. |
| Söluturnar án óvarinna matvæla | 2. fl. |
| Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 2. fl. |
| Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs | 5. fl. |
| Söluturnar með óvarin matvæli, stórir | 6. fl. |
| Fiskbúðir með vinnslu, litlar | 5. fl. |
| Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs | 6. fl. |
| Fiskbúðir með vinnslu, stórar | 7. fl. |
| Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 4. fl. |
| Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs | 5. fl. |
| Fiskbúðir án vinnslu, stórar | 6. fl. |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu | 4. fl. |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu | 5. fl. |
| Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu | 6. fl. |
| Áfengisverslun | 3. fl. |

| Heiti atvinnugreinar | Flokkur |
|---|---|
| Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum | 6. fl. |
| Apótek, stór | 3. fl. |
| Snyrtivöruverslun | 1. fl. |
| Byggingavöruverslanir, stórar | 9. fl. |
| Byggingavöruverslanir, litlar | 4. fl. |
| Járnvöruverslanir | 4. fl. |
| Málningar- og veggfóðurverslun | 4. fl. |
| Málningavöruverslanir | 3. fl. |
| Gæludýraverslun | 1. fl. |
| Véla- og tækjasölur | 4. fl. |
| Varahlutaverslanir, ekki bíla | 4. fl. |
| Smásala efna í flokkum X, A og B | 4. fl. |
| Sala eiturefna og hættulegra efna | 8. fl. |
| Smásala með notaða muni í verslunum | 4. fl. |
| Markaðir, sölumarkaðir á útihátíðum o.fl. tímabundið | 4. fl. |
| Hótel með veitingasölu, lítið | 5. fl. |
| Hótel með veitingasölu, miðlungs | 10. fl. |
| Hótel með veitingasölu, stórt | 12. fl. |
| Gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting) | 3. fl. |
| Gistiheimili án veitingasölu, miðlungs | 5. fl. |
| Gistiheimili án veitingasölu, stórt | 6. fl. |
| Fjallaskálar, farfuglaheimili, heilsársnotkun | 7. fl. |
| Fjallaskálar, farfuglaheimili, sumarnotkun | 3. fl. |
| Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið | 1. fl. |
| Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs | 2. fl. |
| Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt | 5. fl. |
| Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 6. fl. |
| Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 2. fl. |
| Þjóðgarðar með tjaldsvæðum og þjónustuhús m/veitingum | 7. fl. |
| Matsölustaðir, litlir | 5. fl. |
| Matsölustaðir, miðlungs | 6. fl. |
| Matsölustaðir, stórir | 10. fl. |
| Skyndibitastaðir, litlir | 5. fl. |
| Skyndibitastaðir, miðlungs | 7. fl. |
| Skyndibitastaðir, stórir | 8. fl. |
| Matsöluvagnar | 5. fl. |
| Brauðstofur | 6. fl. |
| Skemmtistaðir með matsölu | 9. fl. |
| Skemmtistaðir án matsölu | 2. fl. |
| Kaffihús, smurt brauð | 5. fl. |
| Krár, kaffihús með matsölu | 7. fl. |
| Krár, kaffihús án matsölu | 4. fl. |
| Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 2. fl. |
| Samkomusalir með móttökueldhúsi | 3. fl. |
| Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 7. fl. |

| Heiti atvinnugreinar | Flokkur |
|---|---|
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 5. fl. |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 6. fl. |
| Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 7. fl. |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 2. fl. |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs | 5. fl. |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt | 6. fl. |
| Sala á tilbúnum mat, lítil | 5. fl. |
| Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 6. fl. |
| Sala á tilbúnum mat, stór | 10. fl. |
| Bið- og endastöðvar áætlunarbifreiða | 1. fl. |
| Biðstöðvar leigubifreiða | 1. fl. |
| Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest | |
| Vörugeymslur, litlar | 2. fl. |
| Vörugeymslur, miðlungs | 4. fl. |
| Vörugeymslur, stórar | 5. fl. |
| Fyrirtæki sem geyma klórgas | 1. fl. |
| Kæli- og frystigeymslur | 3. fl. |
| Gasbirgðastöðvar með > 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 5. fl. |
| Gasbirgðastöðvar með < 100 $m^3$ geymslurými (STP) | 2. fl. |
| Vöruflutningamiðstöðvar | 2. fl. |
| Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 8. fl. |
| Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 5. fl. |
| Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 3. fl. |
| Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 3. fl. |
| Ljósmyndastofur með framköllun | 3. fl. |
| Fangelsi, lítið | 6. fl. |
| Fangelsi, miðlungs | 7. fl. |
| Fangelsi, stórt | 14. fl. |
| Æfingasvæði slökkviliðs | 1. fl. |
| Grunnskólar án mötuneytis | 3. fl. |
| Grunnskólar með móttökueldhúsi | 7. fl. |
| Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 7. fl. |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis | 3. fl. |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi | 6. fl. |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi | 7. fl. |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis | 3. fl. |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi | 6. fl. |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi | 7. fl. |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - verknám í matvælavinnslu | 8. fl. |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis | 3. fl. |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi | 6. fl. |

| Heiti atvinnugreinar | Flokkur |
|---|---|
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 7. fl. |
| Ökuskólar, flugskólar o.fl. | 1. fl. |
| Tónlistarskólar | 2. fl. |
| Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 1. fl. |
| Deildskipt sjúkrahús, lítið, án mötuneytis | 3. fl. |
| Deildskipt sjúkrahús, miðlungs, með móttökueldhúsi | 6. fl. |
| Deildskipt sjúkrahús, stórt, með fullbúnu eldhúsi | 9. fl. |
| Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu | 3. fl. |
| Endurhæfing | 2. fl. |
| Endurhæfing með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stórt | 12. fl. |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil, án mötuneytis | 3. fl. |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs, með móttökueldhúsi | 7. fl. |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór, með fullbúnu eldhúsi | 7. fl. |
| Vistheimili, lítil | 3. fl. |
| Áfengismeðferð | 3. fl. |
| Heilsugæslustöðvar | 3. fl. |
| Læknastofur | 1. fl. |
| Læknahús með aðgerðarstofum | 3. fl. |
| Tannlæknastofur | 3. fl. |
| Tannsmíðar | 2. fl. |
| Sjúkraþjálfun | 2. fl. |
| Rannsóknarstofur í læknisfræði | 2. fl. |
| Röntgenstofur | 2. fl. |
| Fótaaðgerðarstofur | 2. fl. |
| Kírópraktor | 1. fl. |
| Yoga-stofur, heilun o.fl. | 1. fl. |
| Húðflúrstofur | 4. fl. |
| Húðgötun | 4. fl. |
| Dýralæknastofur án röntgen | 2. fl. |
| Dýralæknastofur með röntgen | 2. fl. |
| Dýraspítalar | 3. fl. |
| Heimili fyrir börn og unglinga | 2. fl. |
| Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús | 5. fl. |
| Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús | 3. fl. |
| Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús | 6. fl. |
| Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhús | 2. fl. |
| Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið | 4. fl. |
| Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs | 4. fl. |
| Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs | 5. fl. |
| Dagmömmur með > 6 börn | 1. fl. |
| Leikskólar með móttökueldhús | 5. fl. |
| Leikskólar með fullbúið eldhús | 7. fl. |

| Heiti atvinnugreinar | Flokkur |
|---|---|
| Gæsluvellir | 2. fl. |
| Skóladagheimili, fullbúið eldhús | 4. fl. |
| Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 3. fl. |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 5. fl. |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúið eldhús | 7. fl. |
| Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 p.e. | 2. fl. |
| Skólphreinsistöðvar > 10.000 p.e. og afrennsli til strandsjávar eða > 2000 | 9. fl. |
| Aðrar skólphreinsistöðvar | |
| Gámastöð | 4. fl. |
| Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 4. fl. |
| Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru og ristarúrgangi | 2. fl. |
| Sorpflutningar og sorphirða | 5. fl. |
| Sorpförgun, flokkun og vinnsla | 10. fl. |
| Áhaldahús sveitarfélaga og stofnana | 4. fl. |
| Kirkjur | 1. fl. |
| Kvikmyndahús | 3. fl. |
| Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 1. fl. |
| Leikhús með móttökueldhús | 3. fl. |
| Leikhús með fullbúið eldhús | 6. fl. |
| Dansskólar | 1. fl. |
| Húsdýragarðar | 4. fl. |
| Sundstaðir, litlir | 6. fl. |
| Sundstaðir, miðlungs | 13. fl. |
| Sundstaðir, stórir | 16. fl. |
| Íþróttahús, lítil | 2. fl. |
| Íþróttahús, miðlungs | 3. fl. |
| Íþróttahús, stór | 6. fl. |
| Sundstaðir og íþróttamannvirki, sambyggt | 16. fl. |
| Íþróttavellir | 1. fl. |
| Skíðaskálar, skíðasvæði | 4. fl. |
| Hestahald, tamningar, stóðhestahús | 3. fl. |
| Skotvellir | 2. fl. |
| Þvottahús og efnalaugar | 3. fl. |
| Þvottahús | 2. fl. |
| Efnalaugar | 3. fl. |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 2. fl. |
| Hárgreiðslu- og rakarastofur | 2. fl. |
| Snyrtistofur | 2. fl. |
| Baðhús | 2. fl. |
| Líkbrennslur | 1. fl. |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar | 2. fl. |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 5. fl. |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar | 5. fl. |
| Líkamsræktarstöðvar, litlar, með heitum pottum | 5. fl. |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs, með heitum pottum | 6. fl. |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar, með heitum pottum | 6. fl. |
| Sólbaðstofur án heitra potta | 2. fl. |
| Sólbaðstofur með heitum pottum | 5. fl. |
| Nuddstofur | 2. fl. |

20. ágúst 1999 Nr. 589

# AUGLÝSING

**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

Hámarkshraði verði 30 km/klst. á Digranesvegi milli Vallartraðar og gatnamóta Digranesvegar við Skólatröð og Grænutungu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Kópavogi, 20. ágúst 1999.*

Sýslumaðurinn í Kópavogi,

**Þorleifur Pálsson.**